

Skýrsla stjórnar SKÍ 2019 – 2020

Á Skíðapingi 25. maí 2019 var kosin ný stjórn til tveggja ára og skipti stjórn með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi.

Ný stjórn SKÍ 2019-2021

Bjarni Th. Bjarnason (formaður stjórnar)
Snorri Páll Guðbjörnsson (formaður alpagreinanevndar)
Einar Ólafsson (formaður skíðagöngunefndar)
Friðbjörn Benediktsson (formaður snjóþrettanefndar)
Dagbjartur Halldórsson (meðstjórnandi – gjaldkeri)
Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir (meðstjórnandi - ritari)
Kristinn Magnússon (meðstjórnandi – varaformaður)

Varamenn í stjórn voru kjörnir:

Fjalar Úlfarsson
Gísli Reynisson
Guðmundur Guðjónsson

Helstu breytingar sem samþykktar voru á skíðapingi í maí 2019:

- Breytingar á lögum SKÍ um kosningu í stjórn og nefndir. Eftir breytingar er kosið sérstaklega um formenn fagnefnda. Fagnefndir verða þriggja manna í stað fimm og stjórn tilnefnir í þær í stað kosningu.
- Breyting á skíðapingi. Eftir breytingar mun skíðaping fara fram árlega í október í stað þess að vera á tveggja ára fresti í maí. Áfram er tveggja ára seta hjá stjórnar- og nefndarmönnum.
- Ný afreksstefna var eitt af stóru málum þingsins og var mikil umræða um hana. Var hún samþykkt með smávægilegum breytingum.
- Í alpagreinum var samþykkt að veita aftur verðlaun fyrir hvorn aldur í 14-15 ára flokki.
- Skýrari reglur voru settar um félagakeppni í öllum greinum og nýjir flokkar skilgreindir sem hljóta félagabíkar.

Stjórn SKÍ

Frá maí 2019 hefur stjórnin haldið 15 fundi sem allir hafa verið rafrænir fyrir utan tvo fundi sem haldnir voru á Akureyri. Undanfarin ár hefur verið áhersla á fjölgun fjarfunda til að minnka kostnað við ferðalög stjórnarmanna. Góð reynsla var því komin á fjarfundi þegar Covid faraldurinn byrjaði. Ljóst er að þetta verður megin fundarformið á næstunni þó hefðbundnir fundir verða alltaf að vera einnig og hefur verið reynt að tengja þá við aðra viðburði sambandsins.

SKÍ varð að A-sambandi hjá Afrekssjóði ÍSÍ á síðasta ári eftir nokkurra ára undirbúning. Verkefni sem ráðast þurfti í sneru að þjálfun og fræðslu, verkferlum á skrifstofu, mönnun skrifstofu og endurskoðun afreksstefnu SKÍ sem grunn að frekari breytingum afreksstarfs. Óhætt er að segja að sá áfangi að vera orðið A-samband er ákveðinn gæðastimpill á starf SKÍ og gefur sambandinu auknar tekjur í gegnum afrekssjóð ÍSÍ. Það að vera orðið A-samband var hluti af endurskipulagningu fjármála hjá SKÍ. Erfitt hefur reynst að sækja nýja styrktaraðila sem og að endursemjja við þá sem hafa verið undanfarið. Styrktarsamningur Icelandair með yfirviktarmeimild fyrir liðsmenn landsliða og aðildarfélagu SKÍ er fallinn úr gildi. Haldinn var fundur haustið 2019 með fulltrúum Icelandair og kom ekkert út úr þeim fundi annað en að Icelandair hefur ekki áhuga á að framlengja samning við SKÍ og vísa bara til ÍSÍ samnings varðandi afsláttarkjör á flugmiðum. Sama gildir um Flugfélag Íslands.

SKÍ fékk aðild að IBU (alþjóðlega skíðaskotfimi sambandið) á síðasta ári. Unnið hefur verið að inngöngu í IBU á nokkurn tíma. IBU hélt ÓL þing sitt fyrir norður evrópsk sambönd í Hveragerði sumarið 2019 og áttu fulltrúar SKÍ fund með formanni IBU í tengslum við það þing. Framundan er ársfundur IBU sem verður haldinn rafrænt, vegna Covid, um miðjan nóvember n.k. Til stóð að halda mót í skíðaskotfimi í Bláfjöllum sl. vor en aðallega vegna Covid varð að blása það af. Keyptar hafa verið byssur og búnaður og stefnt er á að halda mót við fyrsta tækifæri.

Fulltrúar SKÍ hafa setið fjölda rafrænna funda með FIS og IBU eftir að Covid hófst. FIS skíðaðing sem halda átti sl. vor hefur tvisvar verið frestað og er nú ráðgert í maí 2021.

- Fulltrúar SKÍ sóttu skipulögð FIS/IBU þing / fundi á tímabilinu:
 - 2019, þróunarfundur FIS, Pristina, Kosovo – Tveir fulltrúar
 - 2019, haustfundur FIS, Zurich, Sviss – Fimm fulltrúar
 - 2020, formannafundur IBU, Antzholz, Ítalíu – Einn fulltrúi
- Haustfundur SKÍ var haldinn í Reykjavík 12. október 2019. Fundurinn var vel sóttur og tókst vel. Var þetta síðasti haustfundur sem slíkur enda skíðaðing núna á haustin.

Starfsmannahald skrifstofa hefur breyst á tímabilinu. Sturla Höskuldsson lét af störfum sem afreksstjóri í febrúar 2020. Dagbjartur Halldórsson, þáverandi gjaldkeri SKÍ, tók að sér tímabundna afleysingarstöðu á skrifstofunni í kjölfarið. Í sumar var Dagbjartur ráðinn í fullt starf afreksstjóra SKÍ og sagði sig úr stjórn SKÍ í kjölfar ráðningar. Í stað Dagbjarts í stjórn kom fyrsti varamaður, Fjalar Úlfarsson. Hann tók við störfum Dagbjarts sem gjaldkeri í stjórn SKÍ.

Afreksmál

Landsliðsfólk SKÍ tók þátt í fjölmörgum mótum á liðnum vetri. Á hverjum fjórum árum kemur alltaf eitt ár sem hefur hvorki HM né ÓL í fullorðinsflokki og var það í ár. Það var því ekkert stórmót í fullorðinsflokki en nokkur mót sótt í unglingsflokkum ásamt því að taka þátt í heimsbikar og álfubikar reglulega. Hérna verður farið yfir það helsta.

Heimsbikar

Snorri Eyþór Einarsson var meðal keppenda á heimsbikarmótaröðinni á tímabilinu, en það er sterkasta mótaröð í heimi í skíðagöngu. Áður en covid-19 skall á tók Snorri þátt í níu heimsbikarmótum í fjórum löndum, Tékklandi, Þýskalandi, Svíþjóð og Noregi. Lokamóti heimsbikarsins var aflýst sem átti að fara fram í Kanada og var Snorri skráður til leiks. Aðal mót tímabilsins var svokallaður „mini tour“ mótaröð í Noregi og Svíþjóð en mótaröðin samanstóð af sex mótum á átta dögum á fjórum mismunandi keppnissvæðum. Má þar nefna helst að Snorri náði 18.sæti í einni keppninni en það er besti árangur sem íslenskur keppandi hefur náð á mótaröðinni. Fyrir síðustu keppnina á mótaröðinni átti Snorri möguleika á að enda í efstu 20 sætunum samanlagt en því miður voru erfiðar aðstæður og smurningin á skíðunum tókst ekki nógu vel og Snorri endaði að lokum í 38.sæti samanlagt.

Helstu úrslit hjá Snorra:

- 18.jan 2020 - Novo Mesto, Tékklandi – 35.sæti
- 25.jan 2020 – Oberstdorf, Þýskaland – 27.sæti
- 15.feb 2020 – Östersund, Svíþjóð – 42.sæti
- 20.feb 2020 – Meraker, Noregi – 18.sæti
- 22.feb 2020 – Trondheim, Noregi – 38.sæti
- 8.mars 2020 – Oslo, Noregi – 34.sæti

Álfubikar

Nokkrir keppendur á snjóþrettum tóku þátt í evrópubikarnum í vetur, en álfubikararnir flokkast sem næst sterkustu mótaraðir í heimi. Eins og áður hefur komið fram náðum við ekki að taka þátt í öllum mótum sem skipulögð voru vegna covid-19, t.d. féllu niður tvö mót hjá landsliðinu í snjóþrettum í lok mars og apríl. Þrátt fyrir þetta náði Marinó Kristjánsson stórkostlegum árangri þegar hann endaði í 5.sæti í brekkustíl (slopestyle) á móti í Frakklandi í janúar.

Helstu úrslit í evrópubikar:

- 19.jan 2020 – Vars, Frakklandi – 5.sæti, Marinó Kristjánsson
- 6.mars 2020 – Flachauwinkel, Austurríki – 17.sæti, Benedikt Friðbjörnsson
- 18.jan 2020 – Vars, Frakklandi – 27.sæti, Benedikt Friðbjörnsson
- 18.jan 2020 – Vars, Frakklandi – 30.sæti, Egill Gunnar Kristjánsson
- 19.jan 2020 – Vars, Frakklandi – 39.sæti, Baldur Vilhelmsson

Sturla Snær Snorrason, landsliðsmaður í alpagreinum, tók þátt í tveimur mótum í evrópubikarnum en náði því miður ekki að ljúka keppni á þeim. Í kjölfarið ferðaðist Sturla til S-Kóreu og tók þátt í Asíubikarnum þar sem hann náði glæsilegum árangri. Sturla náði sínum besta árangri og ferlinum ásamt því að ná besta árangri íslensk keppenda í alpagreinum í langan tíma. Hann endaði í 15.sæti í svigmóti.

Úrslit úr asíubikar:

- 14.feb 2020 – Bears Town, S-Kórea – 15.sæti
- 13.feb 2020 – Bears Town, S-Kórea – 29.sæti
- 11.feb 2020 – Bears Town, S-Kórea – 39.sæti

YOG

Fjórir keppendur tóku þátt á Ólympíuleikum ungmenna í Lausanne, Sviss. Aðalbjörg Lilly Hauksdóttir og Gauti Guðmundsson tóku þátt í alpagreinum og má helst nefna að Gauti endaði í 29.sæti í stórsvigi og Aðalbjörg í 34.sæti í risasvigi. Í skíðagöngu tóku þau Einar Árni Gíslason og Linda Rós Hannesdóttir Bæði náðu þau besta árangri sínu í göngu með hefðbundinni aðferð, þar sem Einar Árni endaði í 73.sæti og Linda Rós í 68.sæti.

HM unglinga

HM unglinga í skíðagöngu fór fram í Oberwiesenthal í Þýskalandi í byrjun mars. Alls náðu sex keppendur lágmörkum sem SKÍ setti fyrir mótið, tvær stúlkur og fjórir drengir. Alls var keppt í þremur keppnisgreinum fyrir bæði kyn, 1 km sprettgöngu, 10/15 km hefðbundin aðferð og 15/30 km frjáls aðferð. Bestum árangri náðu þau Krístrún Guðnadóttir og Isak Stianson Pedersen í sprettgöngu, þar sem Krístrún endaði í 45.sæti og Isak í 41.sæti.

HM unglinga í alpagreinum fór fram í Narvik í Noregi um miðjan mars. Skemmst er frá því að segja að mótinu var aflýst eftir eina keppnisgrein af fjórum sem við tókum þátt í. Alls náðu sjö keppendur lágmörkum en einungis fóru fimm þeirra á mótið. Mótinu var aflýst seint á fimmtudagskvöldi 12.mars þar sem yfirvöld í Noregi voru að fara að herða reglur við landamæri sín og mótshaldarar vildu ekki taka séns á að keppendur og fylgdarlið yrðu föst í landinu með tilheyrandi kostnað. Alpagreinanefnd og stjórn SKÍ tóku stöðuna að móti loknu og voru allir sammála um að það hafi verið rétt ákvörðun að fara á mótið. Í aðdraganda ferðarinnar og ferðadaginn út var allt eðlilegt varðandi ferðalög og ekki neinar takmarkanir komnar á, en það breyttist fljótt næstu daga eftir að út var komið. Eftir þessa ferð var ekki farið meira erlendis enda allt í lás.

Önnur mót

Okkar landsliðsfólk keppir á fjölmörgum alþjóðlegum mótum ár hvert. Helst ber að nefna eftirfarandi:

- María Finnbogadóttir, alpagreinum, sigraði alþjóðlegt mót í svigi í Austurríki í janúar.
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, alpagreinum, náði 8.sæti á alþjóðlegu móti í stórsvigi í Svíþjóð í janúar.
- Katla Björg Dagbjartsdóttir, alpagreinum, náði 2.sæti á alþjóðlegu móti í svigi á Ítalíu í desember.
- Sturla Snær Snorrason, alpagreinum, náði 5. og 8.sæti á alþjóðlegum mótum í svigi í Þýskalandi í janúar.
- Albert Jónsson, skíðagöngu, gerði sín bestu FIS stig á ferlinum í Svíþjóð í desember.
- Isak Stianson Pedersen og Krístrún Guðnadóttir komust bæði í úrslit í sprettgöngu á norska meistaramótinu. Er þetta talið vera sterkasta alþjóðlega mót ár hvert á eftir stóru mótariðunum, enda Norðmenn með gríðarlega marga keppendur framarlega í heiminum.

Mótamál

Um sumarið 2019 voru settar saman mótatöflur fyrir allar greinar og gefnar út. Í kjölfarið fór af stað vinna við að skipuleggja og undirbúa mót vetrarins. Erfiðlega gekk að byrja veturinn því framan af var erfitt veður og þau mót sem fóru fram í byrjun voru mörg hver í ekki nógu góðum aðstæðum. Í febrúar gekk erfiðlega að eiga við veðrið og var byrjað að fresta mótum. Helgi eftir helgi gekk lægð yfir landið með tilheyrandi lokunum á skíðasvæðum landsins. Í lok febrúar fór svo umræða af stað um Covid og hvort það myndi hafa áhrif á framhaldið í mótahaldinu. Fagnefndir sjá um um mót innan sinna greina en staðan var þannig að stjórnin þurfti að fjalla sérstaklega um mótamálin. Á auka stjórnarfundum þann 4. mars 2020 var farið yfir málið og ákveðið að halda áfram enda yrði farið eftir öllum sóttvarnaaðgerðum í einu og öllu. Eins og flestir vita breyttust aðstæður hratt í kjölfarið og á símafundi stjórnar að kvöldi 11. mars var ákveðið að aflýsa UMI sem átti að hefjast einungis tveimur dögum seinna. Þann 19. mars fundaði stjórnin aftur og var ákveðið að fresta öllu mótahaldi til 13. apríl útaf samkomubanni. Samkomubann var framlengd og hélt SKÍ í vonina um að eitthvað yrði hægt að gera undir lok tímabils. Því miður var það ekki raunin og allt mótahald slegið af í maí. Stjórn SKÍ ákvað einnig að ekki yrðu veittir bikarmeistaratitlar fyrir veturinn 2019-2020. Í kjölfarið ákvað stjórn SKÍ að stóru mótin sem áttu að fara fram árið 2020 frestist til 2021 og úthlutað mót vegna 2021 til 2022.

Í haust voru gefnar út mótatöflur fyrir komandi vetur og er það von SKÍ að mótahald geti átt sér stað í vetur. Fundað hefur verið með formanni samtaka skíðasvæða og verið að ræða hvernig starf aðildarfélaganna SKÍ geti farið fram í vetur verið áfram einhverjar takmarkanir. Það samtal mun halda áfram næsta daga.

Fræðslumál

Nokkur námskeið fór fram á tímabilinu en öðrum þurfti að aflýsa. Í skíðagöngu fór fram í fyrsta sinn þjálfari 2 námskeið og er það jákvæð þróun. Námskeiðið var haldið í tveimur hlutum, fyrri hlutinn um haustið og seinni í janúar. Í alpagreinum var stefnt á að halda þjálfari 2 námskeið en vegna veðurs þurfti að fresta því í janúar og útaf Covid þurfti að aflýsa öllum námskeiðum sem voru plönuð í vor. Námskeiðahald fyrir komandi tímabil er í skoðun vegna aðstæðna.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum, nefndarmönnum, framkvæmdastjóra, landsliðsþjálfurum og skíðahreyfingunni fyrir ánægjulegt samstarf á þessu tímabili.

F.h. stjórnar SKÍ,
Bjarni Th. Bjarnason